

Atvinnuvegaráðuneytið

Skrifstofa viðskipta og markaða
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar 2026

E-2026-013/00.11

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 (innleiðing EES reglna)

Landsvirkjun vísar til máls S-7/2026 sem auglýst er í samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða áform um að leiða í landslög framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2775 um breytingu á tilskipun (ESB) 2013/34, að því er varðar stærðarmörk félaga og tilskipun (ESB) 2024/2101 um breytingu á tilskipun (ESB) 2013/34, að því er varðar skyldu tiltekinna fyrirtækja til að útbúa og birta skýrslu með tekjuskattsupplýsingum. Jafnframt stendur til að breyta lögum nr. 3/2006 þannig að stærri og kerfislega mikilvæg fyrirtæki skili ársreikningi fyrir á árinu en minni félög.

Landsvirkjun styður við áform stjórnvalda sem leiða til aukinnar skilvirkni og einföldunar regluverks og telur áform um innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2023/2775 jákvæð. Fyrirtækið fagnar sérstaklega áformum um að hækka stærðarmörk félaga í lögum um ársreikninga til samræmis við breytingar innan ESB.

Með vísan til þeirra áskorana sem fylgja auknum skýrsluskilum telur Landsvirkjun ekki síður mikilvægt að íslensk stjórnvöld geri ráðstafanir til að samræma önnur stærðarviðmið í lögum um ársreikninga til samræmis við yfirstandandi breytingar ESB. Er hér vísað til breytinga á hinum svokölluðu Taxonomy og CSRD reglugerðum. Umræddar reglugerðir hafa hlotið mikla gagnrýni vegna íþyngjandi, kostnaðarsamra og samkeppnishamlandi krafna og hefur Evrópusambandið brugðist við með því að stöðva innleiðingu þeirra (e. Stop the Clock). Sambandið hefur nú náð sátt um breytingartillögur sem fækka muni fyrirtækjum sem falla undir gildissvið reglnanna um allt að 80%. Búist er við að breytingarnar verði samþykktar fyrri hluta árs 2026 og í kjölfarið innleiddar af aðildarríkjum. Á Íslandi munu þessar breytingar þýða að einungis örfá íslensk fyrirtæki falli undir upplýsingaskyldu.

Hérlendis hefur Taxonomy reglugerðin þegar verið innleidd í íslensk lög (lög nr. 25/2023) og fjöldi innlendra fyrirtækja sinnt umfangsmikilli og kostnaðarsamri upplýsingagjöf á grundvelli hennar undanfarin ár. CSRD reglugerðin hefur ekki verið innleidd í íslensk lög þótt undirbúningur hafi verið kominn langt.

Landsvirkjun bendir sérstaklega á að í gildandi lögum um Taxonomy reglugerðina, nr. 25/2023, er að finna óbeina innleiðingu á tveimur greinum CSRD reglugerðarinnar. Um er að ræða beina vísun til 8. gr. tilskipunar 2020/852/EB sem tiltekur að umrædd 8. gr. þeirrar reglugerðar skuli gilda um fyrirtæki sem falli undir 19. gr.a og 29. gr.a CSRD reglugerðarinnar (tilskipun 2013/34/EB). Þessi staða leggur þannig enn auknar skyldur á herðar íslenskra fyrirtækja sem ættu að vera undanskilin samkeppnishamlandi upplýsingagjöf og er mikilvægt að stjórnvöld leiðrétti þá stöðu.

Landsvirkjun hvetur stjórnvöld til að innleiða breyttar reglugerðir sem fyrst og aflétta þannig auknum kröfum á íslensk fyrirtæki sem auki kostnað og skerði samkeppnishæfni þeirra. Í þeim efnum er sérstaklega mikilvægt að lögum um ársreikninga verði breytt til samræmis við boðaðar breytingar ESB á ófjárhagslegri upplýsingagjöf, sem nú er innleidd í 66. gr.d laga um ársreikninga og með lögum nr. 25/2023, um upplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar ásamt reglugerð 10/2024 um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Við næstu skref í útfærslu frumvarps um breytingu á lögum um ársreikninga (innleiðing EES reglna) bendir Landsvirkjun á að aðalfundur fyrirtækja þurfa að hafa farið fram áður en skilafrestur rennur út. Sem dæmi má nefna að samkvæmt lögum um Landsvirkjun nr. 42/1984 skal aðalfundur fyrirtækisins haldinn í apríl ár hvert. Ef fyrirhugaðar breytingar á lögum um ársreikninga leiða til þess að tímafrestir til skilafrests ársreiknings og tengdra skýrslna verði þrengdir, þannig að ekki verði unnt að standa við þessa lögbundnu tímasetningu, yrði nauðsynlegt að gera samsvarandi breytingar á öðrum viðeigandi



lagarömmum, s.s. lögum um Landsvirkjun. Slíkar breytingar þyrftu að koma til skoðunar samhliða fyrirhuguðum lagabreytingum.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Rafnar Lárusson
Framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni